

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljavogi 14 Reykjanesbæ



Dags eftirlits	9.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Eftirlitsmaður	Gunnhildur Sif Oddsdóttir
Heimili	Seljavogi 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Bjarnason	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík voru skráð í eftirlitinu um það að starfsemin hafi verið færð á lóðina lðngarð 8 í Garði án þess að sótt hafi verið um starfsleyfi, Grænu bókhaldi var ekki skilað á réttum tíma og skráningum skv. starfsleyfi var ekki skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í boðað reglubundið eftirlit í Efnaeimingu að lðngarði 8 í Garði. Fulltrúi fyrirtækis mætti ekki í eftirlitið en eftirlitsmenn gengu um lóð rekstraraðila og staðfestu að gámur sem hýsir reksturinn er staðsettur á lóðinni og tengdur með PVC röri við byggingu á lóðinni. Búið er að steypa plan fyrir framan gáminn. Samkvæmt loftmyndum hefur gámurinn verið á lóðinni síðan árið 2020 og skv. grænu bókhaldi sem skilað var í maí 2022 tók fyrirtækið á móti 5.000 kg af spilliefnum árið 2021 sem styður það að rekstur Efnaeimingar hafi farið fram á lóðinni.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
1. mgr. 6. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann skráður. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.
Gr. 5.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engin slík skýrsla hefur borist fyrir árið 2021.
Gr. 5.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og skila árlega til útgefanda starfsleyfis. Grænt bókhald fyrir árið 2021 barst stofnuninni ekki fyrir 1. maí 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2022



Kristín Kröyer

